

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 19. maí 2023

Mál nr. E-941/2022:

A

(Kári Valtýsson lögmaður)

gegn

Isavia ohf.

(Helgi Birgisson lögmaður)

D Ó M U R

Mál þetta, sem höfðað var 10. maí 2022, var dómtekið 4. apríl 2023. Stefnandi er A, kt. [...]. Stefndi er Isavia ohf., kt. [...]

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda vegna líkamstjóns sem stefnandi hlaut í vinnuslysi 12. apríl 2018. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda líkt og málið væri eigi gjafsóknarmál að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi féll frá frávísunarkröfu sinni í þinghaldi 20. febrúar 2023. Endanlegar dómkröfur stefnda eru þær aðallega að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda en til vara að aðeins verði viðurkennd skaðabótaskylda að hluta. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Málsatvik

Stefnandi, sem starfaði við landamæraeftirlit og landamæragæslu hjá stefnda í flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli, varð fyrir líkamstjóni 12. apríl 2018 þegar hún féll um svokallaðan leitarkassa sem staðsettur er við leitarband við vopnaleitarhlið á

flugstöðinni, svokallað Gullnahlið, sem stefnandi þurfti að fara um í leið sinni til vinnu umræddan dag.

Í lögregluskýrslu, sem dagsett er 13. apríl sama 2018, er málsatvikum lýst með þeim hætti að stefnandi hafi verið að mæta til vinnu og hafi farið í gegnum vopnaleyti í Gullnahliðinu, líkt og starfsmenn þurfi að gera á hverjum morgni þegar þeir mæti til vinnu og að allt hafi virst eðlilegt. Þegar stefnandi hafi lokið við að taka eigur sínar af bandinu og farið af stað inn ganginn hafi hún fallið um kassa, sem staðsettur hafi verið í gönguleiðinni, en umræddur kassi sé notaður þegar taka þurfi aðila sem hefur farið um vopnaleytarhliðið til nánari skoðunar, svonefndrar handleitar. Í lögregluskýrslu er vísað til myndbandsupptöku flugstöðvarinnar, en í skýrslunni segir: „Miðað við það sem sést á myndskleiði vegna þess atviks þá myndi maður gera athugasemdir við staðsetningu kassans.“

Í tjónstilkynningu vinnuveitanda til Vátryggingafélags Íslands hf. frá 17. apríl sama ár er vísað til fylgiskjals varðandi aðstæður á slysstað er slysinu lýst með þeim hætti að stefnandi hafi dottið um leitarkassa sem staðsettur hafi verið í gönguleið frá leitarbandi. Stefnandi hafi lent illa á gólfinu með þeim afleiðingum að hún fann töluvert til í öxlum, hálsi, baki, mjöðm og vinstra hné. Stefnandi hafi leitað til [...] til rannsókna og meðferðar. Í fylgiskjalinu er vísað til fyrrgreindrar myndbandsupptöku og ljósmynda sem lögregla hafi tekið af aðstæðum umrætt sinn. Í fylgiskjalinu kemur einnig fram að aðstæðum hafi verið breytt eftir slysið með þeim hætti að umræddur trékassi sé ekki lengur staðsettur á gólfi í gönguleið þannig að hann skapi ekki hættu fyrir starfsmenn og gesti sem þarna eiga leið um.

Atvikið var tilkynnt Vinnueftirliti 17. apríl 2018. Í fylgiskjali með tilkynningunni er tildrögum slyssins lýst með sama hætti.

Þann 14. maí 2020 sendi lögmaður stefnda erindi til Varðar trygginga hf., þar sem óskað var eftir afstöðu félagsins til viðurkenningar skaðabótaskyldu úr ábyrgðartryggingu. Í svari tryggingarfélagsins, sem sent var lögmanninum með tölvubréfi 18. maí 2020, var greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu hafnað á þeim forsendum að stefndi væri aðeins með tryggingar hjá tryggingarfélaginu sem nái til starfsmanna Isavia ohf., sbr.

vátryggingarskírteini félagsins sem í gildi var á þeim tíma. Með bréfi lögmanns stefnanda frá 20. maí 2020 var þess farið á leit við stefnda, Isavia ohf., að félagið viðurkenndi bótaskyldu og stæði jafnframt að mati á afleiðingum slyssins. Með bréfi stefnda frá 4. september sama ár var bótaskyldu hafnað.

Í málinu liggur fyrir matsgerð C bæklunarlæknis. Samkvæmt matsgerðinni var stefnandi metin til átta stiga miska (8%) og tímabundins missis starfsorku fyrir tímabilið 19. febrúar 2019 til 27. maí 2019. Þá var stefnandi einnig metin til 8% miska af hálfu D læknis, sem unnin var að beiðni Sjúkratrygginga Íslands í tilefni umsóknar stefnanda. Með ákvörðun Sjúkratrygginga Íslands frá 5. júlí 2021 var það mat hækkað í 10%.

Undir rekstri málsins fékk stefnandi dómkvadda þá E lögmann og F bæklunarlækni til að meta líkamstjón sem stefnandi varð fyrir í slysinu 12. apríl 2018. Laut matsbeiðnin meðal annars að því að kanna hvort rekja mætti líkamleg einkenni stefnanda til slyssins og afleiðingar þess. Í matsgerð 25. janúar 2023 greinir að ljóst sé að rekja megi núverandi einkenni stefnanda frá hægri öxl til slyssins. Var niðurstaða matsmanna á þá leið að stefnandi hafi verið að öllu leyti óvinnufær frá 19. febrúar 2019, þegar hún gekkst undir aðgerð á öxl, til 27. maí 2019, sem teljist tímabil tímabundins atvinnutjóns samkvæmt 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, og tímabil þjáningabóta án rúmlegu samkvæmt 3. gr. sömu laga. Töldu matsmenn varanlegan miska nema átta stigum og varanlega örorku nema tíu stigum.

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu stefnandi máls, A. Þá gáfu skýrslu G, þáverandi varðstjóri hjá stefnda og matsmennirnir F læknir og E lögmaður. Verður vitnað til framburðar þeirra eftir því sem þurfa þykir.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Af hálfu stefnanda er vísað til þess að stefndi beri skaðabótaábyrgð á slysi sem stefnandi varð fyrir 12. apríl 2018, enda megi rekja orsök slyssins til vanbúnaðar á vinnustað og háttsemi starfsmanns stefnda sem hann beri ábyrgð á. Ábyrgð stefnda sé byggð á sakareglunni og reglunni um ábyrgð vinnuveitanda á saknæmri háttsemi starfsmanna

sinna. Stefnandi byggir á því að hún hafi orðið fyrir tímabundnu og varanlegu líkamstjóni vegna slyssins sem stefnda beri að bæta að fullu samkvæmt skaðabótalögum nr. 50/1993. Um líkamstjón stefnanda vísist til læknisfræðilegra gagna og matsgerðar en með þeim gögnum, ásamt öðrum gögnum málsins, hafi verið sýnt fram á hagsmuni stefnanda af málshöfðun. Í ljósi þess að stefndi beri ábyrgð á aðstæðum á Keflavíkurflugvelli, þar sem slysið átti sér stað, sé kröfum beint að stefnda.

Stefnandi kveðst byggja á því að aðbúnaður á vinnustaðnum hafi verið ófullnægjandi, sem hafi leitt til þess að hún varð fyrir tjóni. Þó svo að stefnandi hafi ekki verið starfsmaður stefnda heldur lögregluembættisins á Suðurnesjum liggi fyrir að hún starfaði umræddan dag við landamæraeftirlit. Starfsstöð hennar var því í húsakynnum stefnda sem stefndi beri ábyrgð á að sé í samræmi við lög og reglur. Í því samhengi sé rétt að horfa til þess að í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands hefur verið miðað við að kröfur samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum séu lágmarkskröfur á stöðum þar sem almenningi er ætluð för auk starfsmanna. Stefnandi kveðst byggja á því að við sakarmat beri að byggja á fyrrgreindum lögum, sem og reglum sem eigi sér stoð í lögnum enda sé ljóst að stefndi hafi borið ábyrgð á því að aðstæður væru í lagi og í samræmi við lög og reglur. Stefnandi telur stefnda ekki hafa uppfyllt þær skyldur.

Stefnandi vísar til þess að atvik slyssins séu óumdeild. Fram komi í gögnum málsins að stefnandi hafi fallið um leitartrékassa sem staðsettur var í gangvegi. Á myndbandsupptöku umræddan dag megi sjá staðsetningu kassans, sem hafi verið í miðri gönguleið, þegar stefnandi hrasar um hann. Þá megi skömmu síðar sjá starfsmann flugvallarins færa kassann upp að leitarfæribandi. Ennfremur liggi fyrir lýsing í lögregluskýrslu þar sem því sé beinlínis haldið fram að miðað við staðsetningu kassans, eins og greina megi af myndbandinu, sé ástæða til að gera athugasemdir við staðsetningu hans.

Telur stefnandi að staðsetningu leitartrékassans hafi verið hættuleg og hafi orsakað slysið. Það að kassinn hafi verið staðsettur í gangvegi hafi brotið í bága við 13. gr. laga nr. 46/1980, en í ákvæðinu segir að atvinnurekanda beri að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Í 38. gr. laganna segir að vinnu

skuli haga og framkvæma þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Stefnandi telur umræddum ákvæðum laganna ekki hafa verið fullnægt af hálfu stefnda. Stefnandi telur enn fremur að aðbúnaður í umrætt skipti hafi brotið í bága við 2. mgr. 3. gr. reglna um aðbúnað vinnustaða nr. 581/1995 þar sem greini að umferðarleiðir manna skuli vera greiðar og afmarkaðar og að starfsmenn skuli hafa nægjanlegt athafnarými við störf sín.

Stefnandi vísar til þess að í höfnunarbréfi stefnda frá 4. september 2020 hafi því verið haldið fram að stefnandi væri ekki starfsmaður stefnda og því bæri stefndi ekki ábyrgð á starfsumhverfi stefnanda. Var í því sambandi vísað til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 667/2009. Þá hafi stefndi þar hafnað því að umræddur kassi væri upphækkun fyrir farþega og aðra sem notaðir væru til að skapa starfsmönnum við öryggisleit betri vinnuáðstæður svo þeir þyrftu ekki að beygja sig eins mikið. Þá hafi stefndi haldið því fram í fyrrgreindu bréfi að verklag væri óbreytt og enn væri notast við kassann.

Stefnandi kveðst ekki sammála túlkun stefnda á fyrrgreindum dómi Hæstaréttar. Þvert á móti megi af honum ráða að lög nr. 46/1980 nái ekki einungis til starfsmanna heldur einnig til annarra. Taki dómurinn af allan vafa um það ef aðstæður séu ekki í lagi á vinnustað og einhver utanaðkomandi slasist á umráðasvæði atvinnurekanda þá beri atvinnurekandi / staðarhaldari ábyrgð á slíku tjóni.

Stefnandi kveðst ekki byggja á því að notkun slíkra kassa við öryggisleit sé hættuleg. Ágreiningur málsins lúti einungis að staðsetningu kassans í gönguleið og þá hættu sem slík staðsetning skapi. Að sögn stefnanda sýni gögn málsins fram á með óyggjandi hætti að kassinn var í gönguleið í umrætt skipti og skapaði hættu. Stefnandi telur augljóst að staðsetning kassans brjóti í bága við fyrrgreind ákvæði laga nr. 46/1980 og reglna nr. 581/1995.

Telur stefnandi að staðhæfingar stefnda í fyrrgreindu höfnunarbréfi í þá veru að verklag varðandi staðsetningu kassans sé óbreytt bæði ranga og ósannaða. Í myndbandsupptöku af slysinu megi sjá að kassinn er strax færður til eftir slysið, auk þess sem fyrir liggur fylgiskjal með tilkynningu frá 17. apríl 2018 þess efnis að leitartrékassar væru ekki lengur staðsettir á gólfi í gönguleið þannig að þeir skapi ekki hættu fyrir starfsmenn og

gesti sem þar eigi leið um. Á myndbandinu sjáist einnig að hinum megin við leitarhliðin, þar sem sambærilegt færiband er staðsett, sé enginn kassi.

Stefnandi kveðst vísa til öryggisreglna Keflavíkurflugvallar þar sem fram komi að stefndi setji öryggisreglur fyrir þá þjónustu sem lýst sé í reglunum og að öryggisreglunum sé ætlað að útskýra gildandi kröfur, skyldur og öryggisstaðla varðandi starfsemi Keflavíkurflugvallar og að reglurnar séu settar meðal annars með stoð í lögum nr. 46/1980.

Stefnandi byggir einnig á reglunni um nafnlaus mistök enda sé það svo að þó ekki sé hægt að sannreyna hvaða starfsmaður það var sem skyldi leitartrékassann eftir í gönguleið, þá beri stefndi ábyrgð á að vinnustaður og starfsumhverfi uppfylli framangreind skilyrði hvað snertir aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands hafi reynt á umrædda reglu og þá með þeim hætti að þegar óvíst sé hver beri ábyrgð á vanbúnaði þá sé það vinnuveitandi og eftir atvikum húseigandi sem beri skaðabótaábyrgð, hljótist tjón af vanbúnaði.

Í slysinu hafi stefnandi hlotið áverka á hægri öxl. Hefur áverkinn valdið því að stefnandi er með þráláta verki og seiðing í hægri öxl sem hafi haft veruleg áhrif á starfsgetu hennar og úthald í vinnu. Ljóst sé af framangreindu og fyrirliggjandi matsgerðum og endurákvörðun Sjúkratrygginga Íslands að stefnandi glímir við varanlegar afleiðingar vegna vinnuslyssins þann 12. apríl 2018.

Stefnandi kveður kröfu sína vera viðurkenningarkröfu samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar sem stefnanda sé nauðsynlegt að fá úr því skorið með dómi hvort stefndi beri skaðabótaábyrgð á slysi stefnanda þann 12. apríl 2018 og hvort hún eigi þar með rétt á greiðslu bóta samkvæmt 5. – 8. gr. laga nr. 50/1993. Ljóst sé að stefnandi hefur mikla fjárhagslega hagsmuni af niðurstöðu málsins. Kveður stefnandi að sýnt sé fram á tjón hennar, í hverju það felist og tengsl þess við atvik máls og þar með hagsmuni hennar af málshöfðun með framlögðum gögnum málsins umfjöllunar í stefnu.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi kveður atvik að slysinu vera óumdeild enda liggi fyrir í málinu minnislykill með upptöku af slysinu úr öryggismyndavél.

Stefndi byggir á því að orsakatengsl milli slyssins og einkenna stefnanda á hægri öxl séu ósönnuð. Mál þetta sé rekið sem viðurkenningarmál og verði stefnandi því að sanna að hún hafi lögvarða hagsmuni af því að fá skaðabótaskyldu viðurkennda, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi þurfi að sýna fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni og í hverju það felist og hver tengsl þess séu við atvik máls. Það hafi hún ekki gert.

Stefndi vísar til þess að þegar stefnandi hafi leitað til heilsugæslu slysdaginn og kvartað undan óþægindum frá hægri öxl hafi verið gerð röntgenrannsókn sem sýndi engin áverkamerki, en slitbreytingar. Stefnandi hafi ekki leitað til bæklunarlæknis fyrr en um ári eftir slysið og hafi þá greinst rifa í ofankambsvöðvasin og var hún lagfærð. Að mati stefnda sé með öllu ósannað að það sé afleiðing af byltu stefnanda tæpu ári fyrr. Örorkumöt sem stefnandi leggur fram voru framkvæmd án þess að stefnda væri veittur kostur á að koma að athugasemdum eða gæta þar hagsmuna sinna. Ónýti það sönnunargildi þeirra og því verði engu slegið föstu um tjón stefnanda. Þá liggi fyrir að stefnandi hafi fengið greiddar bætur fyrir 10 stiga miska úr slysatryggingu almannatrygging, sem dragist frá miskabótum samkvæmt 5. gr. skaðabótalaga, sé réttur til þeirra á annað borð fyrir hendi. Þá kveður stefndi að stefnandi hafi væntanlega einnig fengið bætur úr slysatryggingu launþega. Því sé með öllu ósannað að stefnandi eigi fjárkröfu á hendur stefnda vegna slyssins, þótt skaðabótaskyld yrði talið. Með því séu ekki uppfyllt skilyrði 2. mgr. 25. gr. einkamálalaga um lögvarða hagsmuni og því óhjákvæmilegt að vísa málinu frá.

Stefndi kveðst vísa því alfarið á bug að um saknæma háttsemi eða athafnaleysi starfsmanna hans hafi verið að ræða. Því sé einnig hafnað að aðstæður í eða við leitarhliðið hafi verið óforsvaranlegar. Þá liggi ekki annað fyrir en að leitarassinn hafi uppfyllt alla viðeigandi staðla svo og ákvæði reglna Vinnueftirlits ríkisins varðandi öryggi.

Á slysdaginn hafi 987 manns farið í gegnum öryggisleit við Gullnahliðið. Í aprílmánuði 2020 var fjöldi þeirra sem fóru í gegnum hliðið 27.225, en samtals fóru 322.658 aðilar í gegnum öll öryggisleitarhlið á Keflavíkurflugvelli umræddan mánuð, en hliðin eru 13 talsins. Stefnandi þurfti vegna vinnu sinnar að fara í gegnum öryggisleitina á degi hverjum, jafnvel oft á dag. Hún hafi gjörþekkt aðstæður og hafi verið eða mátt vera fullkunnugt um tilvist leitarkassans. Þessir kassar eru alþekktir við öryggisleit á flugvöllum út um allan heim. Vegna reynslu sinnar og þekkingar hafi stefndu borið að gæta sín sérstaklega.

Stefndi telur skilyrði skaðabótaábyrgðar því ekki vera til staðar. Engri sök hafi verið fyrir að fara hjá starfsmönnum stefnda. Aldrei höfðu komið fram kvartanir um staðsetningu leitarkassans og engin tilkynnt atvik eða slys á farþegum eða starfsmönnum hafi komið fram fyrir eða eftir þetta atvik.

Af myndbandsupptöku megi ráða að stefnandi veitir kassanum ekki athygli og gengur á hann án þess að líta í kringum sig. Um eigin vangá eða óhappatilvik hafi því verið að ræða.

Stefndi vísar til þess að það sé meginregla skaðabótaréttar að menn beri ábyrgð á tjóni sínu sjálfir nema þeir geti sannað að einhver annar eigi að bera það. Stefnanda hafi ekki tekist að sanna að stefndi eigi að bera tjón hennar, en um það og allt sem kröfu stefnanda viðkemur hafi hún sönnunarbyrði, meðal annars um sök, ólögmati, tjón, sennilega afleiðingu, orsakatengsl og fleira.

Stefndi kveðst mótmæla öllum málsástæðum og kröfum stefnanda.

Til vara kveðst stefndi vísa til þess að aðeins verði viðurkennd skaðabótaskylda að hluta. Kveðst stefndi byggja á öllum sömu sjónarmiðum varðandi þessa kröfu og fram koma í umfjöllun um aðalkröfu. Sé á því byggt að stefnandi hafi sýnt af sér gáleysi í umrætt sinn sem leiða eigi til lækkunar á kröfu hennar vegna meðsakar. Vísist meðal annars í því sambandi til ríkrar aðgæsluskyldu stefnanda.

IV Niðurstaða

Í málinu hefur stefnandi uppi kröfu um viðurkenningu skaðabótaskyldu stefnda vegna atviks sem átti sér stað 12. apríl 2018 þegar stefnda var á leið til vinnu á Keflavíkurflugvelli, þar sem stefnandi féll um leitarkassa sem staðsettur er við vopnaleyfarsvæði flugvallarins sem ætlað er starfsmönnum, öðrum en flugfarþegum, svokallað Gullnahlið. Atvik máls eru ágreiningslaus, en málsaðila greinir að meginstefnu á um hvort um óhapp hafi verið að ræða eða hvort rekja megi tjónið til athafna eða athafnaleysis stefnda. Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla vegna atviksins auk skýrslu Vinnueftirlits ríkisins sem unnin var í kjölfar tilkynningar stefnda. Þá liggur fyrir myndbandsupptaka úr eftirlitsmyndavél við öryggishlið flugvallarins, svokallað Gullnahlið, þar sem sjá má umrætt atvik, en upptakan var spiluð við upphaf aðalmeðferðar málsins.

Fyrir liggur í málinu að stefnandi var ekki starfsmaður stefnda þegar slysið átti sér stað. Óumdeilt er hins vegar að henni bar að fara um umrætt vopnaleyfarsvæði á leið sinni til vinnu á flugvelli. Stefnandi byggir máltilbúnað sinn einkum á því að verklag og aðbúnaður á slysdegi hafi ekki verið í samræmi við laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. einnig ákvæði reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða sem settar hafi verið með stoð í lögnum. Samkvæmt 13. gr. laganna ber atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Þá greinir í 42. gr. laganna að vinnustaður skuli vera þannig úr garði gerður, að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Um gerð og staðsetningu slíkra leitarkassa eru engar skráðar reglur. Þá verður af gögnum málsins ekki ráðið að um það hafi gilt aðrar óskráðar verklagsreglur. Vitnið G og stefnandi, A, hafa báðar borið fyrir dóminum að á umræddum tíma hafi ekki verið fyrir hendi sérstakt verklag varðandi leitarkassann, en leitarkassinn sé í reglulegri notkun og þurfi ávallt að vera til taks við vopnaleyf á flugvelli. Þá greindi vitnið G frá því að hún teldi ekkert athugasvert við staðsetningu leitarkassans umrætt sinn, það er að staðsetning hans hefði verið með hefðbundnum hætti. Ágreiningslaust er þó að í kjölfar umrædds atviks hafi verklagi varðandi gerð og staðsetningu leitarkassa við hið

svokallaða Gullnahlið verið breytt í þá veru að kassinn var stækkaður og hann sérstaklega auðkenndur með hvítum, rauðum og appelsínugulum borða, auk þess sem eftirleiðis hefur verið notast við það verklaga að kassinn skuli staðsettur úr gangvegi þegar hann er ekki í notkun.

Alls munu vera 13 slík leitarhlið á flugstöðinni og við hvert þeirra sé slíkur kassi sem starfsmenn eða flugfarþegar þurfa að stíga á fari fram nánari leit, en handahófskennd leit sé framkvæmd á um tíunda hverjum farþega eða starfsmanni auk þess sem slík leit sé ávallt framkvæmd gefi leitarhlið frá sér merki. Hefur stefndi vísað til þess að slíkur háttur sé einnig viðhafður á flugstöðvum um víða veröld. Þá hefur stefndi vísað til þess að umtalsverð umferð starfsmanna og ferðamanna sé um flugstöðina dag hvern. Þannig hafi til að mynda 987 manns farið um umrætt leitarhlið þennan dag og alls 27.225 manns hafi farið um hliðið í aprílmánuði 2018. Þá hafi um 322 þúsund manns farið um öll öryggishliðin þrettán í mánuðinum. Engin gögn liggja fyrir um það í málinu að slys hafi áður hlotist vegna slíkra leitarkassa, en sambærilegir kassar munu hafa verið í notkun á flugvöllinum allt frá því flugstöð Leifs Eiríkssonar var tekin í notkun árið 1987.

Að mati dómsins þykir sýnt að umræddur leitarkassi hafi ekki haft sérstaka hættueiginleika umfram aðrar hindranir sem geta verið fyrir hendi á vegi manna þannig að leitt geti til bótaábyrgðar. Þá verður ekki fram hjá því horft að stefnandi hafði starfað í flugstöðinni um margra ára skeið þegar slysið átti sér stað. Hefur hún sjálf borið að hún hafi þurft að fara um umrætt öryggishlið í hvert skipti sem hún mætir til vinnu og jafnvel oft á dag. Þá kvaðst stefnandi aðspurð gjörþekkja aðstæður við öryggishliðið.

Að mati dómsins hefur ekki verið sýnt fram á að sérstök hættu hafi stafað af leitarkassanum umrætt sinn, sé sjálfsagðar og eðlilegrar aðgæslu gætt, en ekki verður séð að hættulegra sé að ferðast um leitarsvæði flugstöðvarinnar en ýmsa aðra gangvegi, sé eðlileg aðgát höfð. Í því efni verður sérstaklega að taka mið af áralangri starfsreynslu stefnanda og fjölmörgum ferðum hennar um umrætt vopnaleitarhlið. Gat stefnanda því vart dulist tilvist leitarkassans og staðsetning hans og bar henni því að gæta sérstakrar árvekni við för sína um leitarsvæðið. Af þeim sökum verður ekki talið að rekja megi líkamstjón stefnanda til saknæmrar háttsemi eða athafnaleysis starfsmanna stefnda eða annarra atvika sem stefndi beri ábyrgð á að lögum, heldur verði að telja að um óhapp hafi

verið að ræða sem stefndi geti ekki talist bera ábyrgð á. Er stefndi því sýknaður af viðurkenningarkröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður. Stefnandi fékk gjafsókn með bréfi dómsmálaráðuneytisins 3. nóvember 2021. Samkvæmt því verður allur gjafsóknarkostnaður stefnanda lagður á ríkissjóð, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, Kára Valtýssonar, sem telst hæfilega ákveðin 1.800.000 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómari tók við meðferð málsins 1. október 2022 en hafði fram að því engin afskipti haft af meðferð þess. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt fyrir mæla 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Isavia ohf., er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, Kára Valtýssonar, 1.800.000 krónur.

Þórhallur Haukur Þorvaldsson